

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. október 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016, 2. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Frumvarpið tengist beint frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 og munu ákvæði þess hafa bæði áhrif á tekju- og gjaldahlið þess.

Fjárlagafrumvarp 2016 gerir ráð fyrir 15,3 milljarða króna tekjujöfnuði og stjórnvöld hafa þegar gefið til kynna að milljarður sá sem fyrirhugaður er til aðstoðar og móttöku flóttafólks muni lækka tekjujöfnuðinn samsvarandi. Afgangurinn er það lítilt að hann má telja innan skekkjumarka og virðist meginmarkmiðið vera að skila hallalausum fjárlögum.

Að undanfögnu hefur verið vaxandi uppgangur í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Hagvöxtur á fyrri hluta þessa árs mældist rúmlega 5% og samkvæmt nýlegri könnun SA og Seðlabankans meta stjórnendur 400 stærstu fyrirtækja landsins aðstæður í atvinnulífinu svipaðar því sem var í upphafi uppsveiflunnar 2004. Fjárfestingar fyrirtækja munu aukast mikið á þessu ári og samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að fjárfestingar aukist enn frekar á næsta ári. Laun samkvæmt kjarasamningum sem gerðir hafa verið á þessu og síðasta ári munu hækka meira en um langt árabil og langt umfram framleiðniaukningu sem vænta má í atvinnulífinu á næstu árum.

Stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki í stjórn efnahagsmála. Greiningar sýna að oftar en ekki hafa ríkisfjármál aukið þenslu vegna skorts á stýringu þegar þörf hefur verið á hinu gagnstæða. Sjáanlegur uppgangur í atvinnulífinu er af hinu góða og fyrirhugaðar atvinnufjárfestingar renna stöðum undir fjölbreytt störf og styrkara atvinnulíf. En vandi fylgir hverri vegsemd.

SA vanmeta ekki þá freistingu sem ríkisstjórn og Alþingi standa frammi fyrir þegar vel árar að losa um tókin og veita auknu fé til allra þeirra góðu mála sem hafa þurft að bíða. Það réttlætir þó ekki að hlaupast undan þeirri ríku ábyrgðarskyldu, sem sjaldan hefur verið augljósari en nú, að koma í veg fyrir það efnahagslega tjón sem ofpensla veldur.

Það er skylda hins opinbera að halda að sér höndum á næstu misserum, bæði hvað varðar fjárfestingar og ásókn í vinnuafl, til að sporna gegn ofpenslu í efnahagslífinu. Samtök atvinnulífsins skora því á Alþingi endurskoða útgjaldahlið fjárlagafrumvarps, draga úr hagsveiflunni með því að hemja útgjöld ríkisins enn frekar og forða tjóni sem annars leiðir af mikilli verðbólgu. Í því sambandi vilja samtökin vekja sérstaka athygli á nauðsyn þess að einfalda og auka skilvirkni opinbers eftirlits. Með einföldun, samhæfingu og sameiningu opinberra eftirlitsstofnana og útvista eftirlit þar sem það á við má draga umtalsvert úr útgjöldum ríkissjóðs.

Samtök atvinnulífsins áréttu þá skoðun sína að skattkerfið eigi fyrst og fremst að vera skilvirkt tekjuöflunartæki ríkissjóðs og sveitarfélaga. Það á að vera gagnsætt og laust við flækjur, skattstofnar eiga að vera breiðir og skattprósentur fáar og lágar. Með því er dregið úr hvata til undanskota. Markmið um jafnari tekjuskiptingu verður best náð með aðgerðum á útgjaldahlíð.

Samtök atvinnulífsins fagna þeim skrefum sem í frumvarpinu eru stigin til einföldunar á skattkerfinu. Þar ber fyrst að nefna niðurfellingu tolla af öðrum vöruflokkum en landbúnaðarvörum, sem er framhald þeirrar stefnu sem mótuð var í fjárlögum þessa árs þegar almenn vörugjöld voru felld niður. Vörugjöld og tollar hindra heilbrigða samkeppni og skekkja verðmyndun sem leiðir til óhagkvæmari framleiðslu en ella.

Þá fagna SA ákvörðun stjórnvalda um að fækka skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga úr þremur í tvö. Sú ákvörðun er hluti yfirlýsingar ríkisstjórnar frá í vor til að liðka fyrir kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

SA taka undir þær breytingar á lögum í frumvarpinu sem gera ráð fyrir tilfærslu á virðisaukaskatti og áfengisgjaldi vegna sölu á vínveitingahúsum, afnámi undanþága á vörugjaldi sem lagt er á bílaleigubifreiðar, frekari einföldun innheimtu stimpilgjalds og lækkun á skattskyldum hluta tekna af útleigu íbúðarhúsnæðis sem nú er 70% niður í 50%. Allar þessar breytingar einfalda skattkerfið og gerir það skilvirkara. Samhliða tilfærslu á vsk og áfengisgjaldi er lagt til að greiðslufrestur á áfengisgjaldi verði rýmkaður til að koma í veg fyrir verulega aukna fjárbindingu áfengisframleiðenda sökum tilfærslunnar.

Samtökin telja einnig mikilvægt að fjárhæð frítekjumarks vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar og heimilissuppbótar skuli vera sú sama á árinu 2016 og á þessu ári og að framlengja eigi ákvæði til bráðabirgða til að sporna við því að víxlverkandir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða hefjist að nýju. Samtök atvinnulífsins hvetja hins vegar þingmenn til þess að beita sér fyrir að væntanlegar tillögur stjórnskipaðrar nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar nái fram að ganga sem fyrst. Hækkun lífeyrisaldurs, upptaka starfsgetumats í stað örorkumats og fjölþætt einföldun á bótakerfi almannatrygginga mun til lengri tíma bæta hag þeirra sem verst eru settir í samfélaginu, gera lífeyriskerfið sjálfbærara en nú er og létt á greiðslubyrði ríkisins.

Loks taka samtökin undir þær breytingar sem gerðar eru á gjaldhlutföllum varðandi greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

